

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 1995

31. október 1995

1393

Nr. 559

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
Tollnúmer:				
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0703.9001	Blaðlaukur	15.11.-21.11.95	ótilgr.	114
0703.9000	Blaðlaukur	22.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0704.1000	Blómkál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0704.2000	Rósakál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0704.9004	Spergilkál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0704.9009	Annað	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0705.1111	Jóklasalat	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0705.2100	Kaffifílsblöð	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0705.2900	Annað	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0707.0001	Gúrkur	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.11.-21.11.95	ótilgr.	7,5
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	22.11.-15.03.96	ótilgr.	30
0709.5100	Sveppir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	15
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30
0709.9002	Kúrbítur	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30
Úr tollnúmeri:				
0706.9000	Sellerírót, steinseljurót, engiferrót, piparrót, svartrót og kínahreðkur	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30
0709.9009	Fennel, grasker, rabbari	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30
0709.9009	Kryddjurtir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	15

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. nóvember 1995 og gildir til 15. mars 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. október 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.